

REGLUR UM RANNSÓKNIR Á REYKJALUNDI

Inngangur:

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS setur sér það markmið að verða virk rannsóknarstofnun í endurhæfingu. Til þess að ná því markmiði er stefnt að því að styðja rannsóknatengd verkefni, bæta möguleika starfsmanna á að verða virkir í rannsóknarvinnu og efla tengsl við háskóla landsins og háskólasjúkrahús.

Vísindarannsóknir unnar af starfsfólki Reykjalundar eru til þess fallnar að auka hróður stofnunarinnar.

Stofnað er vísindaráð og sérstakur vísindasjóður auk þess sem starf rannsóknastjóra verður eflt.

Vísindarannsóknir eru háðar ákvæðum laga og reglugerða (sjá fylgiskjal 1 og 2).

Vísindastefna:

Vísindastefna Reykjalundar er tvíþætt.

Í fyrsta lagi skal leggja áherslu á þætti er varða

- færni líkamans og byggingu
- virkni og þátttöku fólks í daglegu lífi
- umhverfis- og persónuþætti

Í öðru lagi skal leggja áherslu á að auka þekkingu á matstækjum og vera í fararbroddi í aðlögun og þróun nýrra matsaðferða í endurhæfingu

Vísindaráð

Þriggja manna vísindaráð skal skipað af framkvæmdastjórn í fyrsta ársfjórðungi árs hvers samkvæmt tilnefningu starfsmanna að undangenginni auglýsingu.

Fyrsta vísindaráð situr óbreytt til vors 2007. Þá gengur formaður úr ráðinu. Eftir það gengur einn úr ráðinu á hverju ári og nýr kemur inn. Hver vísindaráðsmaður situr þannig þrjú ár í ráðinu og gegnir formennsku síðasta árið. Vísindaráð skal vera þverfaglegt og jafnræðis gætt milli faghópa við skipan í ráðið.

Vísindaráð skal setja sér vinnureglur sem hljóta þurfa samþykki framkvæmdastjórnar.¹⁾

Hlutverk vísindaráðs er:

1. Að vera stjórn og stjórnendum Reykjalundar ráðgefandi um vísindastefnu stofnunarinnar.
2. Að vinna náið með rannsóknarstjóra að framgangi vísindastefnunar.
3. Að vinna að formlegum tengslum og samstarfi við aðrar stofnanir, innanlands og utan.
4. Að leggja faglegt mat á allar umsóknir um styrki úr vísindasjóði og skila álitum til framkvæmdastjórnar.
5. Að gæta samræmis í þeim matstækjum sem notuð eru á stofnuninni og vera ráðgefandi um stöðluð vinnubrögð við beitingu þeirra.

Vísindasjóður

Til þess að styðja við rannsóknir og vísindastarfsemi á staðnum, er stofnsettur vísindasjóður. Framkvæmdastjórn setur sjóðnum reglur, sem lagðar skulu fyrir stjórn stofnunarinnar til staðfestingar.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar Reykjalundar skal stofnframlag sjóðsins greitt úr Oddssjóði kr. 1.000.000 Einmilljón króna.

Í fjárhagsáætlun skal tilgreina hversu miklu fé verði veitt til sjóðsins árlega.

Aðrar tekjur sjóðsins eru gjafir, framlög og vaxtatekjur. Skriflegar umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu vera vel rökstuddar með kostnaðaráætlunum og tímaáætlun. Jafnframt skal koma fram í umsókninni hvort aðili nýtur styrkja frá öðrum sjóðum.

Stjórn Reykjalundar úthlutar styrkjum úr sjóðnum að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Rannsóknastjóri

1. Rannsóknastjóri skal starfa með vísindaráði.
2. Hann skal leiðbeina fagfólki við undirbúning og uppsetningu rannsóknáætlana, úrvinnslu gagna og framsetningu niðurstaðna.
3. Hann skal vera fagfólki til aðstoðar við öflun rannsóknastyrkja.
4. Hann skal vinna að formlegum tengslum og samstarfi við aðrar stofnanir bæði innanlands og utan í samvinnu við vísindaráð.
5. Rannsóknastjóri skal hafa yfirsýn yfir þau matstæki sem notuð eru á stofnuninni.
6. Hann skal skila skýrslu í lok hvers árs til lækningaforstjóra þar sem greint er frá framvindu þeirra verkefna sem unnið er að.

Um þátttöku starfsmanna Reykjalundar í vísindarannsóknnum

1. Starfsmenn eru hvattir til að auka við menntun sína og þekkingu m.a. með þátttöku í rannsóknnum og vísindastarfi.
2. Enginn má hefja rannsóknir nema að fengnu leyfi lækningaforstjóra. Meðferð sjúkraskráa og annarra heilsufarsupplýsinga er jafnframt háð leyfi yfirlæknis þess sviðs sem sjúklingur tilheyrir.
3. Tilhliðrun í starfi vegna rannsóknavinnu verður að gerast með leyfi næsta yfirmanns og vera samþykkt af framkvæmdastjórn.
4. Starfsfólki verði gefinn kostur á að sækja um launað rannsóknaleyfi á vegum stofnunarinnar.
5. Ef vinna starfsfólks við vísindarannsóknir og daglegur vinnutími þess skarast, þ.e. að hluti falli innan daglegs vinnutíma hjá Reykjalundi og hluti utan þess tíma, skal ekki koma til sérstök greiðsla af hálfu stofnunarinnar.
6. Reykjalundur mun leitast við að styðja þá sem stunda rannsóknir með viðunandi vinnuaðstöðu og kynningu á lokaniðurstöðum.
7. Ef vinna starfsmanna vegna vísindarannsókna fer fram utan hefðbundins vinnutíma og er greidd af öðrum en Reykjalundi, er starfsmanni heimilt að þiggja sérstaka greiðslu fyrir vinnu sína í þágu rannsóknarinnar.
8. Starfsmenn skulu upplýsa fjármálastjóra um greiðslur er tengjast vísindarannsóknnum innan stofnunarinnar og skulu þær eiga sér stað fyrir milligöngu hans.
9. Þegar veitt hefur verið formlegt leyfi fyrir rannsókn skal ábyrgðarmaður rannsóknar afhenda afrit af því til rannsóknastjóra. Auk þess ber að skila honum stuttri greinargerð um framvindu rannsóknar um hver áramót og oftast ef þurfa þykir.
10. Fela má starfsmönnum, öðrum en þeim sem eru í hópi rannsóknaraðila, að sinna gagnasöfnun og öðrum verkefnum innan hefðbundins vinnutíma á stofnuninni, með samþykki yfirmanns viðkomandi starfsmanns. Upplýsa skal viðkomandi starfsmenn um rannsóknina, kynna þeim rannsóknaráætlun, vísindalegt gildi og siðferðileg álitamál ef þau eru fyrir hendi.
11. Rannsókn sem unnin er af starfsfólki Reykjalundar og kostuð hefur verið að nokkru eða öllu leyti af stofnuninni skal jafnan auðkennd Reykjalundi við kynningar og greinarskrif. Þess skal gætt að þeirra starfsmanna sem unnu að rannsókninni sé getið. Rannsóknarniðurstöður skal svo sem kostur er birta á vefsíðu Reykjalundar.

Með tilvísun til ákvæðis 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þau lög gilda að breyttu breytanda um starfsmenn Reykjalundar, skal áréttað að áður en starfsmaður hyggst samhliða starfi sínu taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstar ber honum að skýra framkvæmdastjórn frá því.

Um fjármál og fjárreiður

Vísindarannsóknir sem kostaðar eða styrktar eru af Reykjalundi, vísindasjóði eða þriðja aðila, skulu vera í bókhaldsvörslu Reykjalundar og aðskildar frá öðrum rekstri. Þeir sem að rannsókninni standa skulu tilnefna umsjónarmann verkefnisins gagnvart Reykjalundi. Tekju- og gjaldafærslur vegna þessara verkefna skulu einungis heimilaðar af tilgreindum umsjónarmanni, sem staðfestir þær með áritun á viðkomandi fylgiskjal.

Upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra verkefna eru ekki veittar öðrum en umsjónarmanni og opinberum aðilum eftir atvikum.

Um gildistíma

Stjórn Reykjalundar og framkvæmdastjórn áskilja sér rétt til að endurskoða reglurnar þegar að þurfa þykir á gildistímanum.

Reykjalundi 18. október 2005

Í stjórn Reykjalundar

Stefán Arngrímsson (sign)
Salome Þorkelsdóttir (sign)
Karl Ómar Jónsson (sign)
Sveingerður Hjartardóttir (sign)
Ludvig Guðmundsson (sign)

Í framkvæmdastjórn

Björn Ástmundsson (sign)
Hjördís Jónsdóttir (sign)
Lára M. Sigurðardóttir (sign)
Jón M. Benediktsson (sign)

- 1) Ákvæði um skipan í vísindaráð breytt með samþykkt stjórnar 17.02.05
- 2) Breyting á reglum frá 10. mars 2004

Fylgiskjal 1.

Lög og reglur varðandi vísindarannsóknir

Lækningaforstjóri Reykjalundar ber ábyrgð á því að meðferð sjúkraskráa og geymsla sé í samræmi við lög og reglur. Mikilvægt er að þær upplýsingar sem þar eru skráðar geti nýst til fræðistarfa en jafnframt er nauðsynlegt að tryggja örugga og lögmæta meðferð heilsufarsupplýsinga við framkvæmd vísindarannsókna (sjá fylgiskjal 2)

Af hálfu framkvæmdastjórnar Reykjalundar er áhersla lögð á að þeir starfsmenn, sem þátt taka í vísindarannsóknum, fylgi ávallt ákvæðum laga, reglna svo og annarra leiðbeininga sem framkvæmdastjórn kann að setja þeim við meðferð heilsufarsupplýsinga og rannsóknagagna. Einnig er mikilvægt að meðferð styrkja og annarra greiðslna sé samkvæmt samþykktum reglum.

Lagarammi

Sá sem hyggur á vísindarannsóknir og sækir um tilskilin leyfi til stjórnenda Reykjalundar skal kynna sér þau lög og reglugerðir sem snúa að vísindarannsóknum og gæðakönnunum. Þau eru:

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, lög um lífssýnasöfn nr. 110/2000, reglugerð nr. 552/1999 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og ýmis ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og reglur og leiðbeiningar Persónuverndar.

Fylgiskjal 2.

Breyting samþykkt í framkvæmdastjórn 19. mars 2008.



RANNSÓKNIR Á REYKJALUNDI

A. Gæðakannanir eða gæðarannsóknir

Engin sérstök leyfi þarf til tölfræðilegra úttekta á því sem tengist daglegri starfsemi Reykjalundar, t.d. það því sem tekið er saman fyrir árskýrslur og greinagerðir um starfsemi. Slíkar samantektir teljast gæðakannanir eða gæðarannsóknir og eru eðlilegur þáttur í stjórnsýslu stofnunarinnar. Þó gilda þær reglur að upplýsingar séu ekki merktar með persónuauðkennum, númerum eða öðrum rekjanlegum auðkennum (www.personuvernd.is - reglur nr. 90/2001). Ef einhver vafi leikur á því hvort gæðarannsókn teljist jafnframt vísindarannsókn skal bera erindið undir vísindasiðanefnd (www.visindasidanefnd.is)

B. Vísindarannsóknir

Í lögum um réttindi sjúklinga (74/1997) segir: „Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma“. Eins og sjá má á þessari skilgreiningu geta mörkin milli vísindarannsóknar og gæðarannsóknar oft verið óljós (sbr. í lið A).

Áður en rannsókn hefst skal ganga frá eftirfarandi:

1. Ef yfirlæknir sviðs er ekki aðili að rannsókninni skal hann upplýstur formlega um fyrirhugaða rannsókn.
2. Sækja skriflega um leyfi til lækningaforstjóra og einnig til hjúkrunarforstjóra þar sem það á við. Eyðublað er á www.reykjalundur.is undir vísindi og rannsóknir „leyfisumsókn til lækningaforstjóra“. Ábyrgðarmanni rannsóknar ber að skila undirrituðu leyfi lækningaforstjóra til rannsóknastjóra
3. Tilkynna til persónuverndar (www.personuvernd.is)
4. Sækja um leyfi til vísindasiðanefndar (www.visindasidanefnd.is). Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upplýst samþykki og hvað skuli koma þar fram er að finna á heimasíðu vísindasiðanefndar og Persónuverndar (reglur 170/2001). Afhenda rannsóknarstjóra afrit af leyfinu þegar það berst.

Rannsókn getur þá fyrst hafist þegar **öll** ofangreind atriði eru frágengin. Athugið að setja þarf auðkenni/merki rannsóknarinnar í sjúkraskrá þátttakenda. Mælt er til að rannsakendur kynni rannsóknaráætlunina fyrir viðeigandi teymi áður en rannsókn hefst. Stutttri greinagerð um framgang rannsóknarinnar skal skilað við hver áramót til rannsóknarstjóra.

Sömu reglur gilda um stúdentaverkefni þ.e. BS/BA, MS/MA eða Ph.D.

Tilkynna skal skriflega til rannsóknarstjóra ef niðurstöður rannsókna eru kynntar á ráðstefnum (abstraktar) eða grein skrifuð. Afrit af grein/abstrakti skal þá fylgja með.

Reykjalundi, 12. mars 2008

Dr. Marta Guðjónsdóttir, rannsóknastjóri.